

Fimmtudaginn 18. desember 1997.

Nr. 326/1996.

Björn Erlendsson

(sjálfur)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Opinberir starfsmenn. Ráðningarsamningur. Skaðabætur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Garðar Gíslason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1996 og krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.491.200 krónur ásamt nánar tilgreindum ársvöxtum frá 1. janúar 1989 til 1. september 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefur hann stefnda um greiðslu á 16.750.300 krónum með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 1. janúar 1993 til 1. september 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt nefndum lögum frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara er krafist annarrar lægri fjárhæðar. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Eftir ákvörðun Hæstaréttar var málið flutt skriflega, sbr. 3. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Meðal gagna málsins í héraði var ráðningarsamningur Orkustofnunar og áfrýjanda, undirritaður 1. apríl 1971. Segir þar meðal annars, að ráðning samkvæmt samningnum renni út 31. janúar 1972 og framlengist ekki sjálfkrafa. Í héraðsdómi er að öðru leyti gerð grein fyrir samningum milli Orkustofnunar og áfrýjanda.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var áfrýjanda sagt upp starfi hjá Orkustofnun 29. september 1987 með þriggja mánaða fyrirvara. Lét hann af störfum 31. desember það ár. Honum voru greidd bið-

laun í tólf mánuði samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á þeim grundvelli, að staðan hefði verið lögð niður. Í október 1988 höfðaði áfrýjandi mál gegn stefnda. Krafðist hann í fyrsta lagi greiðslu vegna ótekins orlofs. Í öðru lagi gerði áfrýjandi kröfu vegna biðlauna, þannig, að hann fengi greitt fyrir fasta yfirvinnu á tólf mánaða biðlaunatíma ásamt orlofsfé af þeirri yfirvinnu. Lauk málinu með sátt 29. apríl 1992. Í henni segir meðal annars, að aðilar séu sammála um að ljúka bæjarþingsmálinu „og öllum kröfum stefnanda vegna starfsloka hans hjá Orkustofnun“ með greiðslum þeim, sem nánar greindi, en þær námu alls 786.192 krónum auk tiltekinna dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í máli þessu, sem þingfest var 1. september 1994, heldur áfrýjandi því fram, að í mars 1990 hafi hann frétt, að staða sín hjá Orkustofnun hefði ekki verið lögð niður, heldur hefðu aðrir verið ráðnir í hana og stöður annarra manna, sem sagt var upp störfum hjá stofnuninni á sama tíma og áfrýjanda. Telur hann sig eiga bótakröfu vegna saknæmrar og ólögmætrar uppsagnar, og er kröfugerð hans og málsástæðum nánar lýst í héraðsdómi.

Óumdeilt er, að áfrýjandi tók við úr hendi stefnda greiðslum, sem samið var um með dómsáttinni 29. apríl 1992. Þótt hann teldi sig þegar árið 1990 hafa upplýsingar þess efnis, að starfslok sín yrðu rakin til ólögmætrar háttsemi af hálfu stefnda, tók hann fyrirvara-laust við greiðslu samkvæmt sáttinni 1992. Þegar af þeirri ástæðu þykir hann ekki geta gert frekari kröfur á grundvelli þess, að ráðningarsamningi hafi verið slitið með ólögmætum hætti. Verður stefndi því sýknaður af aðalkröfu áfrýjanda.

Varakrafa áfrýjanda styðst við 14. gr. laga nr. 38/1954. Telur hann sig hafa átt að fá einhverja þá stöðu, sem hann sótti um, eftir að hann lét af störfum hjá Orkustofnun. Hafi hann að öðru jöfnu átt að sitja fyrir um starf, er kynni að losna í þjónustu ríkisins. Hafi stefndi brotið lögvarðan rétt hans samkvæmt fyrrnefndri lagagrein, og sé stefndi því skaðabótaskyldur. Áfrýjandi heldur því einnig fram, að staða sín hjá Orkustofnun hafi í reynd verið stofnuð aftur og veitt öðrum. Eigi hann bótarétt á hendur stefnda vegna þess, að fram hjá sér hafi verið gengið andstætt reglu í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Lögð hafa verið fram bréf til áfrýjanda, er sýna, að hann fékk

ekki ýmsar stöður í stjórnsýslunni, sem hann sótti um. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn, til þess að unnt sé að taka afstöðu til þess, hvort brotinn hafi verið réttur á áfrýjanda, þegar stöður þessar voru veittar. Áfrýjandi sótti ekki um störf, sem auglýst voru hjá Orkustofnun í dagblöðum og Lögbirtingablaði á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þykir mjög skorta á, að áfrýjandi hafi sýnt fram á, að hann eigi bótarétt á grundvelli 2. mgr. eða 3. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Er því ekki unnt að taka varakröfuna til greina. Sama á við um þrautavarakröfuna.

Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Erlendsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 1. september 1994 og þingfestri sama dag.

Stefnandi er Björn Erlendsson, kt. 210545-3529, Aðallandi 15, Reykjavík. Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi krefst greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 18.491.200 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara krefst hann greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 16.750.300 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til þrautavara krefst stefnandi annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að kröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Mál þetta var dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. mars 1995 af fulltrúa dómstjóra. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. september 1995, var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem staða dómarafulltrúa fullnægði ekki grunnreglum stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins.

Undirrituðum dómara var úthlutað málinu 2. október 1995.

Málavextir.

Stefnandi lýsir atvikum svo, að hann hafi verið ráðinn til starfa sem tæknifræðingur hjá Orkustofnun 5. febrúar 1970. Ráðningin hafi verið tíma-bundin. Nýr ráðningarsamningur hafi verið gerður 18. janúar 1974, sem gildi til 31. janúar 1975. Hinn 6. janúar 1977 var gerður við stefnanda ótímabundinn samningur. Starfsheiti hans var deildartæknifræðingur, og starfaði hann á deild Orkustofnunar, sem nefndist í fyrstu raforkudeild, en síðar vatnsorkudeild, en þeirri deild var skipt í fleiri undirdeildir. Launaseðlar hans voru auðkenndir með heitinu straumfræðistöð.

Í stefnu er lýst verkefnum Björns hjá Orkustofnun á starfstíma hans þar. Þar er ýmislegt talið upp, t. d. gerð grunnvatnskorts af hálendi Íslands, eftirlit með uppsetningu á dælukerfi í straumfræðistöðina á Keldnaholti, þrýstifallsprófanir á borútbúnaði, varmatapsmælingar í Korpu, útreikningar á ísmyndun í Þjórsá og fleiri atriði.

Árið 1979 varð hlé á starfi hans hjá Orkustofnun, en þá var hann við nám í vatnaverkefni við Tækniháskólann í Prándheimi. Tók hann þaðan loka-próf í þremur greinum, hagnýtri vatnafræði, vatnsveituvirkjun og straumfræði. Samtímis kynnti hann sér tölvuútreikninga í vatnafræðum og forritun á þessu sviði við Norges Hydrotekniske laboratorier. Að námi loknu starfaði stefnandi á sviði vatnafræða.

Því er lýst í stefnu, að verkefni hans og störf hafi verið breytileg frá mánuði til mánaðar, svo sem verið hafi um flesta starfsmenn. Þeir hafi gengið til mismunandi starfa, en haft sínar föstu stöður.

Stefnanda var sagt upp hjá Orkustofnun 29. september 1987 miðað við starfslok 31. desember sama ár. Ástæður uppsagnarinnar voru í uppsagnarbréfi tilgreindar m. a. með orðunum: „... fyrirhugaður samdráttur í fjárveitingum til stofnunarinnar. ...“ Samtímis var níttján öðrum starfsmönnum sagt upp. Reis þá ágreiningur milli þeirra og stofnunarinnar um rétt þeirra til launa og biðlauna, og lauk svo, að stefnanda máls þessa voru eins og öðrum greidd biðlaun um eins árs skeið með vísan til þess, að staða hans hefði verið lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954.

Í stefnu er því lýst, að rúmum tveimur árum síðar hafi stefnandi komist að því, að staða hans hefði alls ekki verið lögð niður um áramót 1987-1988, eins og fullyrt hefði verið, heldur hefðu áður lausráðnir starfsmenn Orkustofnunar verið ráðnir í þær stöður, sem losnuðu við uppsagnirnar. Þannig hafi um þessi áramót verið fastráðnir fjórir starfsmenn á vatnsorkudeild, sem áður höfðu verið lausráðnir. Þessir menn hafi gengið í störf, sem stefn-

andi hefði ella unnið og sé fullfær um að vinna vegna þekkingar sinnar og reynslu. Í stefnu segir, að ljóst sé, að uppsagnirnar hafi verið gerðar á röngum forsendum, og verði ekki dregin önnur ályktun en að yfirmaður stofnunarinnar hafi sagt Birni upp til að rýma fyrir öðrum manni, sem starfað hafi tímabundið hjá stofnuninni án fjárlagaheimildar.

Í stefnu er lýst tilraunum stefnanda til að fá önnur störf hjá ríkisstofnunum og jafnframt bréfaskrifum hans við iðnaðar- og fjármálaráðuneyti vegna uppsagna hans og annarra starfsmanna Orkustofnunar. Segir, að hann hafi alls þrettán sinnum sótt um stöður, sem losnað hafi hjá ríkinu, en alltaf verið synjað. Vísar stefnandi til þess, að skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 ætti hann að öðru jöfnu að eiga forgang til þeirra starfa, sem losni hjá ríkinu næstu fimm ár, eftir að staða hans sé lögð niður. Ef farið hefði verið eftir þessari reglu, hefði stefnandi átt forgang fram til áramóta 1992-1993.

Eftir að stefnanda var sagt upp, kveðst hann hafa fengið vinnu hjá borgarverkfræðingi við sérverkefni og hann unnið þar til vors 1992, er verkefninu lauk. Hann hafi verið atvinnulaus hluta árs 1992, allt árið 1993, og enn kveðst hann vera án atvinnu. Stefnandi skráði sig í nám hjá Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands og lauk þar prófi sumarið 1994.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi styður aðalkröfu sína einkum því, að uppsögn sín hafi verið ólögmæt. Staða sín hafi ekki verið lögð niður, eins og fullyrt hafi verið, heldur hafi annar starfsmaður, áður lausráðinn, verið ráðinn í hana. Stefnandi telur í þessu sambandi, að uppsagnarákvæði í ráðningarsamningi sínum breyti þessu ekki, þar sem slíkt ákvæði sé marklaust, eigi sér enga stoð í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Telur stefnandi, að það geti ekki samræmst, að staða sé lögð niður, þannig, að skylt sé að greiða starfsmanni biðlaun í allt að tólf mánuði, en sé honum sagt upp, án þess að staða sé lögð niður, beri honum einungis þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Væri þá hæðarleikur fyrir ríkisstofnanir að komast hjá greiðslu biðlauna með því að segja starfsmönnum fyrst upp stöðum sínum með þriggja mánaða fyrirvara og leggja síðan stöður þeirra niður. Telur stefnandi, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur geti því ekki gilt gagnvart þeim ríkisstarfsmönnum, sem ráðnir séu ótímabundið í stöður, heldur eigi þeir rétt til stöðunnar, þar til fullnægt sé einhverjum skilyrðum 4. gr. laga nr. 38/1954 til lausnar úr stöðunni, sbr. og ákvæði III. kafla laganna.

Þá vísar stefnandi til þess, að hann hafi hafið störf fyrir 1. janúar 1975, án þess að um þriggja mánaða uppsagnarfrest væri samið.

Stefnandi kveðst miða skaðabótakröfu sína við það, að brotið hafi verið gegn rétti sínum með saknæmum og ólögmætum hætti, og beri stefnda því

að bæta sér allt það tjón, sem af hafi hlotist. Þá vísar hann til þess, að yfirmaður Orkustofnunar hafi með aðgerðum sínum brotið gegn ákvæðum laga nr. 38/1954 og 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með uppsögninni.

— — —

Varakröfu sína hefur stefnandi uppi miðað við, að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að uppsögnin hafi verið lögmæt, en þá telur hann ríkissjóð samt sem áður bótaskyldan, þar sem stefnandi hafi átt að fá eitthvert þeirra starfa, sem hann sótti um eftir uppsögnina, þar sem hann átti að öðru jöfnu að hafa forgang til þeirra starfa, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Þar sem ríkið hafi brotið gegn rétti sínum skv. þessu ákvæði, varði það bótaskyldu. Beri stefnda að greiða sér skaðabætur. Skaðabótakrafan er miðuð við það, að í síðasta lagi í árslok 1992 hafi stefnandi átt að hafa fengið nýtt starf á vegum ríkisins, en þá voru fimm ár liðin frá uppsögn hans. Reiknar stefnandi varakröfu út með sama hætti og aðalkröfu, nema þar er miðað við, að skaðabætur samsvari tekjutapi frá ársbyrjun 1993, þ. e. 15.802.200 kr., auk tapaðra lífeyrisréttinda, 948.100 kr.

Vísar stefnandi í þessu sambandi bæði til umsókna sinna um störf og einnig til fastráðninga hjá Orkustofnun, sem gerst hafi án auglýsinga.

Stefnandi segir ljóst, að nýir starfsmenn hafi verið fastráðnir í sinn stað og annarra, sem vikið var úr starfi. Þessar stöður hafi ekki verið auglýstar, eins og boðið sé í 5. gr. laga nr. 38/1954. Augljóst sé, að brotið hafi verið gegn framangreindum lagaákvæðum og þessi brot bitnað á rétti stefnanda. Því beri að dæma stefnda til greiðslu bóta fyrir það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Lagaákvæði þessi væru marklaus, ef brot gegn þeim varðaði ekki bótaskyldu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi gerir í fyrsta lagi þá athugasemd við málavaxtalýsingu stefnanda, að stefnandi hafi starfað í straumfræðistöð Orkustofnunar sem deildartæknifræðingur. Samdráttur í framkvæmdum tengdum vatnsaflsvirkjunum á níunda áratugnum hafi leitt til verulegs samdráttar í verkefnum straumfræðistöðvarinnar. Síðari hluta árs 1987 hafi ekki verið nein verkefni í stöðinni og engin fyrirsjáanleg. Því hafi verið ákveðið að hætta allri starfsemi þar og leggja störfin niður. Nú sé straumfræðistöðin leigð Rannsóknastofnun landbúnaðarins til fiskeldistilrauna, og enginn starfi þar á vegum Orkustofnunar. Af þeim þremur starfsmönnum, sem störfuðu þar á vegum Orkustofnunar, hafi tveimur verið sagt upp, en hinn þriðji starfi nú sem húsvörður í höfuðstöðvum stofnunarinnar á Grensásvegi.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi höfðað mál gegn ríkissjóði vegna starfsloka sinna fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 4. október 1988. Þar hafi hann

krafist þess að fá ótekið orlof greitt með yfirvinnukaupi og að við orlofs-uppgjörið yrði greitt hlutfall vegna fastrar yfirvinnu. Þá hafi hann krafist greiðslu fastrar yfirvinnu á biðlaunatímanum auk orlofs af þeirri yfirvinnu. Á sama tíma hafi sjö aðrir starfsmenn Orkustofnunar höfðað mál vegna starfsloka, og hafi orðið samkomulag um að reka þrjú mál sem fyrirmynd að niðurstöðu í hinum málunum. Hæstiréttur hafi dæmt þau mál 31. mars 1992 og 29. apríl s. á. verið gerð sátt í máli stefnanda. Með þeirri sátt hafi hann fengið ótekið orlof greitt með yfirvinnukaupi og fasta yfirvinnu og orlof á hana á biðlaunatímanum. Hann hafi síðan, 1. september 1994, höfðað þetta mál á hendur ríkissjóði og enn haft uppi kröfur vegna starfslokanna hjá Orkustofnun 1987.

Stefndi mótmælir því, að uppsögn stefnanda hafi verið ólögmæt. Segir stefndi, að uppsögnin hafi verið fullkomlega lögmæt. Jafnframt hafi stefnandi með tómlæti sínu fyrirgert öllum rétti sínum til að hafa uppi kröfur vegna þessa nú.

Stefndi telur augljóst, að staðan hafi verið lögð niður. Greinilegt sé, að enginn hafi verið ráðinn í stöðu stefnanda, en deild sú, er hann hafi starfað við, hafi verið lögð niður. Vísar stefndi til bréfa Orkustofnunar, dags. 25. maí og 1. nóvember 1993, þar sem fram komi skýrlega, að ný sambærileg staða hafi ekki verið stofnuð, eftir að stefnanda var sagt upp störfum.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi telji sig hafa fengið þær upplýsingar, sem hann reisi málsóknina á, rúmunum tveimur árum áður en sátt í áðurgreindu bæjarþingsmáli var gerð. Stefnandi hafi tekið athugasemdalaust við biðlaunagreiðslum vegna starfsloka sinna og greiðslum vegna sama samkvæmt dómsáttinni. Telur stefndi, að með þessu hafi stefnandi fallist á, að staða sín hefði verið lögð niður, og fallið frá því að gera frekari kröfur vegna starfslokanna. Með þögn um þetta og athugasemdalausri viðtöku greiðslna hafi stefnandi með tómlæti, hvað sem öðru líði, firrt sig rétti til að hafa þessar kröfur uppi nú.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni. Samkvæmt ráðningarsamningi hans hafi gagnkvæmur uppsagnarfrestur verið þrír mánuðir. Um hann hafi 4. gr. laga nr. 38/1954 ekki gilt, sbr. einnig lög nr. 97/1974. Heimilt hafi verið að segja stefnanda upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, án þess að uppsögnin væri ólögmæt. Þá hafi stefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni við það, að staða hans var lögð niður, hann hafi fremur hagnast á því, þar sem hann hafi fengið greidd biðlaun í tólf mánuði.

Gagnvart varakröfu stefnanda mótmælir stefndi því í fyrsta lagi, að í 3. mgr. 14. gr. felist skilyrðislaus forgangsréttur til allra starfa í þjónustu ríkis-

ins. Telur stefndi, að ákvæðið beri að túlka svo, að það taki einungis til sambærilegrar stöðu við þá, sem lögð hafi verið niður. Í því felist, að ef tveir jafnhæfir umsækjendur séu um stöðu, skuli að öðru jöfnu sá ganga fyrir, sem 3. mgr. 14. gr. eigi við um. Stefndi bendir á, að á fimm ára tímabilinu hafi stefnandi sótt átta sinnum um stöður á vegum ríkisins. Hann telur ekkert koma fram um það í gögnum málsins, að um sambærilegar stöður hafi verið að ræða né að stefnandi hafi í umsóknum sínum getið um forgangsrétt sinn skv. 3. mgr. 14. gr. Telur stefndi, að stefnandi eigi engan rétt til skaðabóta vegna þessa þegar af þeirri ástæðu, að ekki hafi verið brotinn neinn réttur á honum. Þá bendir stefndi einnig gagnvart varakröfu á tómlæti, með því að ekki hafi verið höfð uppi krafa í líkingu við þessa á fimm ára tímabilinu.

— — —

Við munnlegan málflutning mótmælti stefndi skriflegri aðilaskýrslu stefnanda og taldi, að í henni fælist skriflegur málflutningur með sérstökum andsvörum við greinargerð stefnda. Krafðist stefndi þess, að stefnandi yrði víttur vegna þessa.

Niðurstaða.

Vegna málsins hafa farið fram skýrslutökur svo og í málinu nr. E-6014/1994, en skýrslutökur í þessum tveim málum fóru fram samtímis.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu, og sömuleiðis gáfu skýrslur vitnin Björn Jónasson jarðfræðingur, Jakob Björnsson orkumálastjóri, Haukur Tómasson, forstjóri vatnsorkudeildar Orkustofnunar, Gunnar Björnsson, fyrrverandi starfsmannastjóri, Guðný Þórsdóttir starfsmannastjóri, Þórólfur H. Hafstað náttúrufræðingur, Erla Kristjánsdóttir tækniteiknari, Ingunn Sigurðardóttir gangavörður og Gunnar Johnsen verkfræðingur.

Stefnandi máls þessa hóf störf hjá Orkustofnun að eigin sögn 5. febrúar 1970. Hann var fastráðinn til Orkustofnunar með ráðningarsamningi, dagsettum 6. janúar 1977. Í samningnum er ákvæði um, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur skuli vera þrír mánuðir. Í samningi þessum segir m. a.: „Ákvæði samnings þessa um uppsagnarfrest gilda þó ekki um þá starfsmenn ríkisins, sem hófu störf fyrir 1. jan. 1975, án þess að samið hafi verið um sérstakan uppsagnarfrest, og starfað hafa hjá ríkinu samfellt síðan.“ Fyrir liggur í skjölum málsins ráðningarsamningur, dags. 18. janúar 1974, þar sem stefnandi er ráðinn tímabundinni ráðningu til Orkustofnunar til 31. janúar 1975. Þar er uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Aðrir ráðningarsamningar hafa ekki verið lagðir fram. Stefnanda var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, og fékk hann laun í uppsagnarfrestinum.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda, að hann hafi þegar

verið ráðinn ótímabundið án gagnkvæms uppsagnarfrests, er gengið var frá áðurgreindum ráðningarsamningi í janúar 1977. Verður að leggja til grundvallar, að um vinnusamband stefnanda og Orkustofnunar hafi ráðningarsamningurinn frá 6. janúar 1977 gilt með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti, og hafi því verið heimilt að segja stefnanda upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara.

Stefnandi lét af störfum og fékk síðar greidd biðlaun og að lokum viðbótargreiðslu biðlauna í samræmi við dómsátt, er gerð var. Við sáttargerðina var ekki hafður uppi fyrirvari af hálfu stefnanda, að hann ætti frekari rétt á hendur stefnda eða að uppsögnin hefði verið ólögmæt.

Það, að stefnanda voru greidd biðlaun, mun byggjast á því, að staða hans hafi verið lögð niður, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Starfsemi Orkustofnunar var ekki lögð niður í heild, er stefnandi lét þar af störfum. Eðli máls samkvæmt voru þar áfram innt af hendi störf, sem stefnandi var hæfur til að sinna. Stefnandi hefur ekki hnekkð því, að starfsemi straumfræðistöðvar þeirrar, er hann starfaði við, hafi verið hætt og að Orkustofnun hafi þar ekki lengur starfsmenn. Ekki hefur verið sýnt fram á beina ráðningu í stað stefnanda. Einnig verður að líta svo á, að með viðtöku biðlauna og sáttargerðinni 29. apríl 1992 hafi stefnandi viðurkennt, að starfslok sín hafi verið lögmæt og að hann hafi fengið þær bætur, er honum báru vegna þeirra. Í skjölum málsins kemur fram, að stefnanda var, a. m. k. þá er hann sendi umboðsmanni Alþingis kvörtun 31. júlí 1990, kunnugt um, að ráðið hefði verið í stöður eða stöðugildi, sem stefnandi og fleiri, er sagt var upp, höfðu gegnt.

Stefnandi sótti um nokkur störf hjá ríkinu þann tíma, er hann átti forgang skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Mun stefnandi ekki hafa vísað til þessa forgangsréttar síns í umsóknum sínum. Mál þetta er ekki reifað með þeim hætti, að unnt sé að leysa efnislega úr því, hvort brotinn hafi verið réttur á stefnanda, en til þess yrði að sýna fram á, að stefnandi hafi verið a. m. k. jafnhæfur þeim, er ráðinn var hverju sinni. Er raunar ekki í öllum tilvikum ljóst af skjölum málsins nafn þess, er ráðinn var. Á sama hátt er málið ekki reifað nægilega um það, hverjir voru ráðnir til starfa hjá Orkustofnun um áramót 1987-1988, eða gögn um hæfni þeirra lögð fram.

Í skjölum málsins kemur fram, að á þeim tíma, sem stefnandi átti forgang samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, voru auglýst sex störf hjá Orkustofnun. Aðeins eitt þessara starfa var auglýst með lögboðnum hætti, þ. e. í Lögbingingablaðinu. Stefnandi sótti ekki um störf þessi.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að uppsögn stefnanda úr starfi hafi ekki verið ólögmæt og hann ekki sýnt fram á, að brotið

hafi verið gegn rétti hans skv. 2. eða 3. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 þegar við ráðningarslitin eða síðar. Verður stefndi því sýknaður af kröfum hans.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Stefndi krafðist þess við aðalmeðferð málsins, að stefnandi og lögmaður hans yrðu víttir fyrir framlagningu aðilaskýrslu stefnanda á dskj. 46, en hún var lögð fram við fyrirtöku málsins 19. desember 1994. Aðilaskýrsla þessi er vélrituð og er samtals fjórtán blaðsíður. Þar er að miklu leyti að finna andsvör stefnanda við greinargerð stefnda í málinu, en þar eru einungis stuttlega rakin atvik málsins. Þó að framlagning skýrslu þessarar sé ekki í samræmi við heimild 1. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991, þykir ekki rétt, að aðilar eða málflytjendur séu víttir í dómum fyrir störf sín við flutning málsins, og til þess er engin lagaheimild. Þá er ekki heimilt að ákvarða hér réttarfarssekt skv. 135. gr. laga nr. 91/1991.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Björns Erlendssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
